



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa 5 október 2003

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 24. ágúst

Opnun útboða í skólaakstur 8., 9. og 10. bekkjar á Vopnafjörð. Eitt útboð barst og var það frá Helga Þorsteinssyni. Var því tekið.

Fundur 2. september

Tekin fyrir gjaldskrá gatnagerðagjalda og samþykktir fyrir vatnsveitu og frárennslisveitu. Ákveðið var að samræma reglugerðina og taka hana fyrir þegar hún er tilbúin.

Mælifell er að fara að byrja á verkinu í höfninni.

Farið yfir málefni styrkvegasjóðs. Hefur ekki verið byrjað á því verki enn.

Rætt var um neysluvatn skólans og hvernig endurnýjun á lögnum verður háttað í samvinnu við Teiknistofuna við Óðinstorg ehf.

Erindi barst frá Brunabótafélagi Íslands varðandi ágóðahluts útborgun, 240 þúsund kr., verður ágóðahluturinn greiddur út 15. október 2003.

Kynntar samþykktir aðalfundar SSA.

Fjallskilaseðill kynntur. Ákveðið var að fjallskilagjald sé 410 kr. á kind og dagsverkið á 9.500 kr.

Vegna fundar smábátæigenda á Vestfjörðum þann 14. september 2003 gaf hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps frá sér ályktun. Hreppsnefndin styður samþykktir stjórnarflokkanna og ákvæði í stjórnarsáttmála um línuívilnun og byggðarkvóta og átelur harðlega þá Alþingismenn og ráðherra sem ítrekað vinna gegn málefnum sem samþykkt hafa verið á æðstu stöðum þeirra eigin stjórnsmálaflokka.